

Alþingi
Erindi nr. P 137/606
komudagur 10.7.2009

RHH:

Icesave – skýringardæmi

Forsendur:

Íslenski tryggingastjóðurinn (ÍSTR) á að greiða allt að EUR 20.887 upp í innstæður á Icesave-reikningum í Bretlandi (og reyndar í öðrum ríkjum eftir því sem við á).

Breski tryggingastjóðurinn (UKTR) ábyrgist greiðslu allt að EUR 50.000 af ógreiddri innstæðu. Það þýðir að UKTR greiðir það sem á vantar upp í GBP 50.000, eftir að ÍSTR hefur greitt sinn hluta.

Í eftirfarandi dæmum er til einföldunar miðað við að ÍSTR greiði allt að EUR 20.000 og að breski sjóðurinn greiði það sem á vantar upp í EUR 50.000.

Innstæða er EUR 100.000. Krafan er forgangskrafa við uppgjör á búi Landsbankans (LÍ)

ÍSTR greiðir fyrst EUR 20.000

UKTR greiðir síðan EUR 30.000

Innstæðueigandinn á þá eftir kröfu að fjárhæð EUR 50.000

I Þegar úthlutað er úr búi Landsbankans koma 40% upp í forgangskröfur.

A Samkvæmt Icesavesamningnum skiptast þessar 40.000 evrur þannig:
ÍSTR fær 20% eða EUR 8.000.
UKTR fær 30% eða EUR 12.000.
Innstæðueigandinn fær 50% eða EUR 20.000. Samkvæmt því hefur hann þá fengið 70% af kröfu sinni greidd þegar allt er talið (20.000 + 30.000 + 20.000).

B Samkvæmt gjaldþrotaskiptareglum tel ég að skiptingin ætti að vera þessi:
ÍSTR fær fyrstu EUR 20.000
UKTR fær afganginn, EUR 20.000
Innstæðueigandinn fær ekkert – hann er þegar búinn að fá meira en 40% kröfunnar greidd.

II Þegar úthlutað er úr búi Landsbankans koma 80% upp í forgangskröfur.

A Samkvæmt Icesavesamningnum skiptast þessar 80.000 evrur þannig:
ÍSTR fær 20% af upphæðinni eða EUR 16.000
UKTR fær 30% af upphæðinni eða EUR 24.000
Innstæðueigandinn fær 50% af upphæðinni eða EUR 40.000
Innstæðueigandinn hefur þá fengið 90% kröfu sinnar greidd þegar allt er talið (20.000 + 30.000 + 40.000).

B Samkvæmt gjaldþrotaskiptareglum tel ég að skiptingin ætti að vera þessi:
ÍSTR fær fyrstu EUR 20.000
UKTR fær næstu EUR 30.000
Innstæðueigandinn fær afganginn, EUR 30.000 - hann hefur þá fengið samtals 80% kröfunnar greidd (20.000 + 30.000 + 30.000).